

REGLUGERÐ

um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.

1. gr.

Ákvörðun og markmið.

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við mennta- og barnamálaráðherra og vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að takmarka skólastarf tímabundið eftir því sem hér greinir.

Markmið með reglugerð þessari er að tryggja að sem minnst röskun verði á skólastarfi vegna COVID-19 sjúkdómsins með ýtrustu sóttvarnarsjónarmið að leiðarljósi.

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á skólastarfi tekur gildi frá og með 29. janúar 2022 og gildir til og með 24. febrúar 2022.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkun skólastarfs eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á skólastarfi tekur til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla, framhaldsfræðslu og háskóla, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkarekna skóla. Þá tekur reglugerðin jafnframt til tengdrar starfsemi, svo sem skólalabókasafna, frístundaheimila, skólalabúða og félagsmiðstöðva, sem og til æskulýðs- og tómstundastarfs.

Í sameiginlegum umgangsrymum innandyra á öllum skólastigum, svo sem við innganga, í anddyri og á göngum, sem og í mótuneytum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun að því gefnu að starfsfólk og nemendur fæddir 2005 og fyrir noti andlitsgrímur. Þá er blöndun hópa heimil á öllum skólastigum og starfsfólki er heimilt að fara milli rýma.

Um verklegt ökunám og flugnám og um íþróttastarf utan skólastarfs fer samkvæmt reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

3. gr.

Leikskólar.

Leikskólum er heimilt að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks skal það nota andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn. Ekki skulu vera fleiri en 50 fullorðnir einstaklingar í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólalabjónustu. Hvorki nálægðartakmarkanir né grímuskylda taka til barna á leikskólaaldri.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi leikskóla, svo sem leiksýningar og tónleikar, eru heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 9. mgr. 5. gr., sbr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst 1 metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli sem og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun og skal það vera sama foreldrið sem fylgir barninu allt aðlögunartímabilið. Foreldrum ber að nota andlitsgrímur þar sem ekki er unnt að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf barna á leikskólaaldri og er einum einstaklingi heimilt að fylgja barni í því starfi.

4. gr.

Grunnskólar.

Grunnskólum er heimilt að halda uppi skólastarfi, þ.m.t. íþróttakennslu, í skólabyggingum með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks. Sé starfsfólki ekki unnt að tryggja 1 metra nálægðar-

takmörkun sín á milli og gagnvart nemendum skal starfsfólkið nota andlitsgrímur. Ekki skulu vera fleiri en 50 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu og tónlistarskóla sem kemur inn í grunnskóla.

Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í hverju rými og skal leitast við að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun milli þeirra í skólastofum. Þrátt fyrir 2. másl. gilda fjöldatakmarkanir ekki í skólaakstri. Fjöldatakmarkanir gilda ekki á útisvæðum en leitast skal við að takmarka fjölda nemenda á hverju útisvæði eins og kostur er, án þess að það komi niður á útiveru nemenda.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi grunnskóla, svo sem fyrirlestrar, upplestrarkeppnir o.fl., eru heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 9. mgr. 5. gr., sbr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og kennslu nemenda í sérskólum, skulu kennarar nota andlitsgrímur.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólabúðir og skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri.

5. gr.

Tónlistarskólar.

Tónlistarskólum er heimilt að sinna kennslu með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks og nemenda. Ekki skulu vera fleiri en 50 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í hverju rými. Um nálægðarmörk nemenda í tónlistarskóla fer eftir ákvæðum reglugerðarinnar á hverju skólastigi. Nemendur fæddir 2005 eða fyrr og starfsmenn skulu nota andlitsgrímur ef nálægðartakmörkunum verður ekki við komið, sé þess kostur.

Öll tónlistarkennsla barna á leik- og grunnskólaaldri er heimil með sömu takmörkunum og gildir um skólastarf þeirra.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi tónlistarskóla, svo sem tónleikar, eru heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 9. mgr. 5. gr., sbr. 4. mgr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

6. gr.

Framhaldsskólar.

Skólastarf á framhaldsskólastigi, þ.m.t. íþróttakennsla, í lýðskóla, ungmennahúsum og framhaldsfræðslu er heimilt að því tilskildu að nemendur og starfsfólk geti haft minnst 1 metra fjarlægð sín á milli og fjöldi nemenda og starfsmanna fari aldrei yfir 50 í hverju rými, þ.m.t. í kennslu- og lesrými. Þó skulu ekki vera fleiri en 50 starfsmenn í hverju rými og er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sé ekki unnt að halda 1 metra fjarlægð skulu nemendur og starfsmenn nota andlitsgrímur, þó er ekki grímuskylda á nemendur í íþróttakennslu. Þrátt fyrir 3. másl. skal leitast við að viðhafa 1 metra á milli nemenda í kennslu- og lesrýmum og skulu þeir þá nota andlitsgrímur.

Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og kennslu nemenda á starfsbrautum, skulu nemendur og kennarar nota andlitsgrímur, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Um viðburði tengda starfi eða félagslífi í framhaldsskóla fer eftir ákvæði 9. mgr. 5. gr., sbr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að nemendur geti dvalið á heimavist.

7. gr.

Háskólar.

Í öllum byggingum háskóla er skólastarf heimilt að því tilskildu að nemendur og starfsfólk geti haft minnst 1 metra fjarlægð sín á milli og fjöldi nemenda og starfsmanna í hverju kennslu- eða lesrými fari ekki yfir 50. Þó skulu ekki vera fleiri en 50 starfsmenn í hverju rými og er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Þrátt fyrir 1. másl. skal leitast við að viðhafa 1 metra á milli nemenda í kennslu-

og lesrýmum og skulu þeir þá nota andlitsgrímur. Sé starfsmönnum ekki unnt að halda 1 metra fjarlægð skulu þeir nota andlitsgrímur.

Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og klínísku námi, er skólastarf heimilt að gættum sóttvörnum og með því skilyrði að nemendur og kennarar noti andlitsgrímur.

Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að nemendur geti dvalið á heimavist.

8. gr.

Sóttvarnaráðstafanir.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa skólabyggingar eftir hvern dag. Þrifa skal eins oft og unnt er algenga snertifleti og tryggja loftun reglulega í rýmum.

Lögð skal áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir og að hafa greitt aðgengi að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og andlitsgrímum þar sem við á.

9. gr.

Undanþágur.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun skólastarfs ef ekki er talin hætta á að slíkt fari gegn markmiðum opinberra sóttvarnaráðstafana. Ráðherra getur óskað eftir umsögnum frá sóttvarnalækni, mennta- og barnamálaráðherra, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eða félagsmála- og vinnu- markaðsráðherra um beiðni um undanþágu.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 6/2022, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, með síðari breytingum.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. janúar 2022.

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra.

Ásta Valdimarsdóttir.